


Náttúrufræðistofnun Íslands
Borgþór Magnússon
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125
212 Garðabær



Reykjavík, 9. júlí 2014
Tilvísun: UST20140500234/káb

Fararleyfi til Surtseyjar-Líffræðileiðangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 26. júní 2014 þar sem tilkynnt er um breytingar á tímasetningum rannsóknleiðangurs líffræðinga til Surtseyjar auk breytinga á leiðangursmönnum. Fararleyfi vegna leiðangursins var gefið út 20. júní.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.


Tilgangur ferðarinnar er að taka út gróður og dýralíf og fylgjast með landnámi tegunda og afdrifum þeirra í eygni. Jafnframt að rannsaka framvindu samfélaga, jarðvegsmyndun og vistfræðilega ferla.

Þetta er framhald þeirra rannsókna sem staðið hafa í áratugi í eygni. Í hverjum leiðangri er unnið að nokkrum verkefnum. Verkefnið sem unnið verður að í ár eru eftirfarandi:

Gróðurrannsóknir, skordýra- og fuglarannsóknir, rannsóknir á svepparótum, söfnun á fléttum,


rannsóknir á líffræðilegri virkni gróðurs og jarðvegs, jarðvegsmyndun og uppsöfnun næringarefna í jarðvegi. Með í för verða tveir starfsmenn Veðurstofu Íslands sem munu sinna viðhaldi veðurstöðvar í Surtsey en þeir munu ferðast til eyjarinnar með bát frá Heimaey að kveldi 14. júlí og fara til baka með leiðangursmönnum fimmtudaginn 17. júlí.

Umhverfisstofnun vísar í áður samþykktu ferðaheimild dags. 20. júní og heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með þeim breytingum sem óskað var eftir og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 13. júlí til 17. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.

- **Borgþór Magnússon, NÍ, leiðangurstjóri**, mælingar á gróðri í föstum mælireitum, almennar athuganir á plöntum og fuglum
 - Sigurður H. Magnússon, NÍ, mælingar á gróðri í föstum mælireitum, kortlagning á útbreiðslu háplantna
 - Starri Heiðmarsson, NÍ, söfnun á fléttum og skráning á útbreiðslu þeirra
 - Pavel Wasowicz, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna, mælingar á gróðri í föstum mælireitum
 - Erling Ólafsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum og fuglum
 - Matthías Alfreðsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum
 - Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ, mælingar á virkni gróðurs og jarðvegs í föstum reitum, jarðvegsrannsóknir
 - Niki Leblans, LBHÍ og Háskólinn í Antwerpen, Belgíu: jarðvegsrannsóknir í föstum mælireitum
 - Hakon Wallender, Háskólinn í Lundi, Svíþjóð, rannsóknir á svepprotum og sýnataka í Surtsey
 - Adam Bahr, Háskólinn í Lundi, Svíþjóð, rannsóknir á svepprotum og sýnataka í Surtsey
 - Vilhjálmur Þorvaldsson, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð í Surtsey
 - Ólafur Freyr Gíslason, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð í Surtsey
- 

Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Virðingarfyllst



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur



Gunnlaug Einarsdóttir
Sviðsstjóri

